

# Sandvík deiliskipulag – Tillaga til forkynningar

## Greinargerð



Dagsett: 05.06.2025



## **SAMÞYKKTIR**

Deiliskipulag þetta, sem hefur fengið meðferð í samræmi við 1. mgr. 41. grein skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar xx.xx.2025

Deiliskipulagstillagan var auglýst frá xx.xx.2025 til og með xx.xx.2025 með athugasemdafresti til xx.xx.2025.

Auglýsing um gildistöku deiliskipulags var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann \_\_\_\_\_ 2025.

---

Sveitarstjóri

Með greinargerð þessari fylgja einnig deiliskipulagsuppdráttur og skýringaruppdráttur.



## Efnisyfirlit

|                                          |    |
|------------------------------------------|----|
| SAMÞYKKTIR.....                          | 2  |
| 1 Inngangur .....                        | 4  |
| 1.1 Almennt .....                        | 4  |
| 1.2 Deiliskipulag og gögn .....          | 4  |
| 1.3 Markmið skipulagsgerðar .....        | 5  |
| 2 Forsendur .....                        | 6  |
| 2.1 Staðhættir og umhverfi.....          | 6  |
| 2.2 Veðurfar .....                       | 6  |
| 2.3 Gróðurfar og fuglalíf .....          | 6  |
| 2.4 Minjar .....                         | 6  |
| 2.5 Jarðvegur .....                      | 6  |
| 2.6 Samgöngur.....                       | 6  |
| 2.7 Veitur og lagnir .....               | 7  |
| 3 Tengsl við aðrar áætlanir.....         | 8  |
| 3.1 Aðalskipulag.....                    | 8  |
| 3.2 Gildandi deiliskipulagsáætlanir..... | 8  |
| 4 Almennir skilmálar .....               | 9  |
| 4.1 Gæði byggðar og byggðarmynstur ..... | 9  |
| 4.2 Áfangaskipting .....                 | 9  |
| 4.3 Samgöngur.....                       | 9  |
| 4.4 Dvalar- og útivistarsvæði .....      | 10 |

|                                     |    |
|-------------------------------------|----|
| 4.5 Gróður.....                     | 10 |
| 4.6 Veitur, lagnir og ofanvatn..... | 10 |
| 4.7 Dreifistöðvar rafmagns .....    | 11 |
| 4.8 Byggingar og lóðir .....        | 11 |
| 5 Sérákvæði:.....                   | 13 |
| 5.1 Baðlón/Fjöruböð.....            | 14 |
| 5.2 Bátahús .....                   | 16 |
| 5.3 Hótel .....                     | 17 |
| 5.4 Frístundahús .....              | 18 |
| 5.5 Tjaldsvæði .....                | 20 |
| 6 Mat á umhverfisáhrifum .....      | 21 |
| 7 Skipulagsuppdættir .....          | 22 |



# 1 Inngangur

## 1.1 Almenn

Í gildi er Aðalskipulag Dalvíkurbyggðar 2008-2020 samþykkt af bæjarstjórn Dalvíkurbyggðar í ágúst 2009. Unnið er að endurskoðun aðalskipulagsins, m.a. m.t.t. aukningar í ferðapjónustu og breyttri nýtingu á landbúnaðarsvæðum.

Í gildandi aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar er svæðið skilgreint í fjóra flokka, afþreyingar- og ferðamannasvæði (753-AF), hafnarsvæði(751-H), landbúnaðarsvæði(L2) og óbyggt svæði.

Samhliða gerð deiliskipulagsins er gerð breyting á aðalskipulagi þar sem stærð fláka fyrir landnotkunarreitinn 753-AF er breytt auk þess sem nýir flákar fyrir verslun og þjónustu (759-V) og frístundabyggð utan þéttbýlis(833-V) bætast við.

Skipulagslýsing fyrir nýtt deiliskipulag og breytingu á aðalskipulagi var auglýst í mars 2025. Samhliða skipulagsvinnunni er lagt mat á umhverfisáhrif skipulagsáætlananna í samræmi við lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

## 1.2 Deiliskipulag og gögn

Deiliskipulagið er sett fram á einum deiliskipulagsuppdraetti í mkv. 1:1500, skýringaruppdraetti í mkv.1:1500 og greinargerð þessari með skilmálum og skýringarmyndum.

### 1.2.1 Hönnun og uppdraettir

Á aðaluppdráttum skal sýna skipulag lóða. Lóðamörk eru sýnd á deiliskipulagsuppdraetti ásamt stærð lóðar. Upplýsingar á deiliskipulagsuppdraetti varðandi atriði svo sem nákvæm lóðamörk, málsetningu lóðar, lóðastærð og byggingarreiti eru til viðmiðunar. Nákvæmar upplýsingar koma fram á mæli- og hæðarblöðum.

### 1.2.2 Mæli- og hæðarblöð

Mæliblöð sýna stærðir lóða, lóðamörk, byggingarreiti húsa, byggingarlínur, innkeyrslur, inntaksstaði allra veitu- og fjarskiptakerfa og kvaðir ef einhverjar eru. Á mæliblöðum er uppgefinn gólfkóti fyrir hæðarsetningu bygginga, viðmið er gólfkóti 1. hæðar. Mæliblöð sýna einnig viðmiðunarhæðir gagnstétta og gatna við lóðamörk, sem er þá einnig lóðarhæð á þessum mörkum. Hæðarblöð sýna hæðir á lóðamörkum og hæðartölur á aðalgólfum húsa. Byggingarreitur sýnir



lágmarksfjarlægð frá lóðamörkum. Hámarkshæð húsa er skilyrt í skilmálum þessum.

#### 1.2.3 Byggingarreitir

Byggingarreitir eru sýndir á skipulagsupprætti og málsettir á mæliblaði. Almennt skulu allir hlutar húss standa innan byggingarreits, nema annað sé tekið fram í sérskilmálum. Byggingarreitir eru rúmir til þess að tryggja svigrúm við hönnun nýbygginga. Byggingar eru alla jafna eins til tveggja hæða.

#### 1.2.4 Nýtingarhlutfall

Nýtingarhlutfall er hlutfall milli brúttóflatarmáls bygginga (a og b rýma) á lóð og flatarmáls lóðar. Nýtingarhlutfall kemur fram í skilmálatöflu.

#### 1.2.5 Byggingaáform

Í byggingaráformunum skal sýna svokallaða skilmálateikningu þ.e. hvernig hönnun og frágangur húsa og lóða fellur að skipulagsskilmálum einstakra lóða, fagurfræði og þeim dæmum og fyrirmyndum sem fram koma í greinargerð þessari.

### 1.3 Markmið skipulagsgerðar

Ferðaþjónusta hefur farið hratt vaxandi í sveitarfélaginu síðustu ár. Megintilgangur með deiliskipulagsvinnunni er m.a. að koma til móts við aukinn straum ferðamanna um svæðið, bæta ferðamannaaðstöðu á svæðinu og styrkja atvinnutækifæri heimamanna.

Á svæðinu er gert ráð fyrir tjaldsvæði, baðaðstöðu, hóteli og um 30 frístundarhúsum auk útivistar-og dvalarsvæða.

Í deiliskipulaginu eru skilgreindir byggingarreitir og settir fram skilmálar um uppbyggingu á svæðinu í samræmi við lög og reglur þar að lútandi. Lagður er grunnur að vönduðum frágangi byggðar, útivistar-og dvalarsvæðum og umhverfis innan skipulagssvæðisins



## 2 Forsendur

### 2.1 Staðhættir og umhverfi

Skipulagssvæðið er um 15ha og að mestu leyti óbyggt. Svæðið afmarkast af opnu svæði við Nesgötu til norðvesturs og íbúðabyggð við Aðalgötu til austurs. Innan skipulagssvæðisins er tjaldsvæði Hauganess auk Fjörubaða sem njóta mikilla vinsælda.

### 2.2 Veðurfar

Ríkjandi vindáttir á svæðinu eru suðaustan áttir. Svæðið er einnig opið fyrir norðvestan áttum. Norðan- og norðvestanáttin er tíðari að sumarlagi en að vetri og að sama skapi dregur þá úr suðaustlægum áttum. Ástæðan er hafgolan en hennar gætir víðast í Eyjafirði á sólríkum dögum.

### 2.3 Gróðurfar og fuglalíf

Tvær tegundir vistgerða finnast á svæðinu, Starungsmýravist með ríkulegu fuglalífi, algengustu varpfuglar eru lóupræll, spói, þúfutittlingur, hrossagaukur, jaðrakan og stelkur og Snarrótarvist með meðalríku fuglalífi, algengustu varpfuglar eru þúfutittlingur, hrossagaukur, lóupræll og stelkur).

### 2.4 Minjar

Fyrir liggur fornleifaskráning unnin af Elínu Ósk Hreiðarsdóttir fyrir Fornleifastofnun Íslands, *Fornleifar í Þorvaldsdal og syðsta hluta Árskógsstrandar að hreppamörkum, FS256-99095*. Þar kemur fram að einar þekkar minjar, *EY-064:016 Ytri-Ás*, eru innan skipulagssvæðis. Minjar eru merktar inn á deiliskipulagsuppdrátt.

Finnist áður óþekktar minjar á svæðinu ber skv. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 að tilkynna Minjastofnun Íslands svo fljótt sem auðið er.

### 2.5 Jarðvegur

Skipulagssvæðið er að hluta til á framræstum túnnum sem ekki hafa verið nytjuð undanfarin ár. Annars er svæðið á þegar röskuðu landi innan þéttbýlis.

### 2.6 Samgöngur

Ný aðkoma að skipulagssvæðinu verður um gamla Hauganesveginn. Meðfram skipulagsvæðinu til suðvesturs liggur Ásvegur sem er skilgreindar sem héraðsvegur og er umsjón hans á forræði vegagerðarinnar. Þegar kemur að því að hanna tengingar frá Ásvegi að



skipulagssvæðinu um gamla Hauganesveg skal hafa samráð við vegagerðina um útfærslur gatnamóta og göngubveranir.

## 2.7 Veitur og lagnir

Innan skipulagssvæðis liggja háspennustrengir, einn sæstrengur ásamt lágspennustrengjum.

Vatns- og hitaveitulagnir liggja að hluta til yfir skipulagssvæðið, þvert á túnin. Hitaveitulögn liggur frá tjaldsvæðinu að Fjöruböðunum og ein fráveitulögn liggur frá tjaldsvæði og tengist fráveitukerfi Hauganess .

Samráð skal haft við veitur Dalvíkurbyggðar og Rarik varðandi veitukerfi og aðra innviði.



### 3 Tengsl við aðrar áætlanir

#### 3.1 Aðalskipulag

Í gildi er Aðalskipulag Dalvíkurbyggðar 2008-2020 samþykkt af bæjarstjórn Dalvíkurbyggðar í júní 2009.

Samhliða deiliskipulagsvinnu er gerð breyting á Aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020. Meginmarkmið breytingarinnar er m.a. að koma til móts við aukinn straum ferðamanna um svæðið, bæta ferðamannaaðstöðu á svæðinu og styrkja atvinnutækifæri heimamanna.

#### 3.2 Gildandi deiliskipulagsáætlanir

Í gildi er deiliskipulag fyrir þéttbýlið Hauganes, samþykkt 06.07.2022. Það skipulag nær að hluta til yfir skipulagssvæðið þar sem nú er tjaldsvæði og útvistar- og baðaðstaða. Samhliða gerð þessa deiliskipulags er því gerð breyting á skipulagsmörkun gildandi deiliskipulags fyrir þéttbýlið Hauganes. Er það gert til að nýtt deiliskipulag nái utan um alla starfsemi og uppbyggingu sem nú er fyrirhuguð á svæðinu.



Hluti af upphaflegum deiliskipulagsuppdraetti fyrir Hauganes

## 4 Almennir skilmálar

Skilmálar þessir taka til byggðar sem fellur undir deiliskipulag þetta. Í deiliskipulaginu er sett fram afmörkun lóða, byggingarreitir skilgreindir og settir fram skilmálar um fyrirhugaða uppbyggingu í samræmi við viðeigandi lög og reglur.

### 4.1 Gæði byggðar og byggðarmynstur

Áhersla er lögð á gæði grænna svæða, almenningsrýma og dvalarsvæða ásamt góðum göngutengingum við nærliggjandi byggð og náttúru.

Ásýnd og yfirbragð svæðisins skal einkennast af vandaðri lágreistri frístundabyggð, auk hótels og baðlóns þar sem vanda skal til við hönnun og frágang bygginga, og notast við vistvænar lausnir eins og kostur er.

### 4.2 Áfangaskipting

Gert er ráð fyrir að frístundabyggðin geti byggst upp í áföngum.

Frístundahúsin liggja þrjú og þrjú saman sem stýrir áfangaskiptingunni.

### 4.3 Samgöngur

Aðkoma að svæðinu verður um gamla Hauganesveginn. Þannig er umferð í gegnum þéttbýlið Hauganes takmörkuð og veldur sem minnstu raski og ónæði.

#### 4.3.1 Stígakerfi

Gert er ráð fyrir góðum göngutengingum á svæðinu. Við hönnun stíga skal tekið mið af algildri hönnun, þar sem því verður komið við skal halli gönguleiða ekki vera meiri en 5%. Gert er ráð fyrir að hjólandi vegfarendur deili stígakerfi með gangandi vegfarendum.



Dæmi um gróður og efnisnotkun á stígum.



#### 4.3.2 Bílastæði

Við hönnun og frágang bílastæða skal huga að fagurfræði með það að markmiði að bílastæði falli vel að umhverfi sínu og séu nærumhverfinu og bæjarfélaginu til sóma. Bílastæði fyrir hreyfihamlaða skulu vera í samræmi við byggingarreglugerð.

#### 4.3.3 Hjólastæði

Á svæðinu skal gera ráð fyrir aðgengilegum og öruggum hjólastæðum og/eða hjólageymslum.

#### 4.4 Dvalar- og útivistarsvæði

Á svæðinu er gert ráð fyrir aðlaðandi dvarlar – og eða afþreyingarsvæði milli frístundabyggðar og tjaldsvæðis, norðan við hótelið og fjöruböðin sem tengir þessi svæði vel saman. Aðgengi að fjöru verður óheft og með góðum stígatengingum. Gera skal ráð fyrir aðlaðandi götugögnum auk þess sem huga þarf að skjólmyndum.

#### 4.5 Gróður

Almennt er hvatt til markvissrar notkunar gróðurs, en gróður getur m.a. stuðlað að skjólmyndun á svæðinu auk þess að bæta umhverfið og líðan gesta. Mælt er með að nota gróður í stað girðinga.

Engar takmarkanir eru á hæð og gróðri eða fjarlægð gróðurs frá lóðarmörkum sem snúa að opnum svæðum, stígum og göturýmum aðrar en þær að gróður hindri ekki umferð og sjónsvið vegfarenda, sbr. kafla um frágang lóða.

#### 4.6 Veitur, lagnir og ofanvatn

Gert er ráð fyrir því að öll uppbygging á svæðinu verði tengd holræsa- og fráveitukerfi Hauganess. Samráð skal haft við sveitafélagið og/eða viðeigandi veitu stofnanir vegna framkvæmda í nánd við núverandi lagnir og mögulega færslu lagna ef til þess kemur.

Á svæðinu er gert ráð fyrir blágrænum ofanvatnslausnum. Tilgangur þeirra er margþættur s.s. meðhöndlun á mengun ofanvatns, hægja á rennsli og létta þannig á veitukerfinu, draga úr flóðahættu. Auk þess styðja blágrænar ofanvatnslausnir við líffræðilegan fjölbreytileika, gleðja augað og auðga umhverfið sem og stuðla að sjálfbærum vatnsbúskap í heild. Markmið blágrænna ofanvatnslausna er að tefja rennsli ofanvatns og hreinsa ofanvatn af þéttu yfirborði.

Gert er ráð fyrir að ofanvatn svæðisins sé meðhöndlað í keðju ofanvatnslausna á yfirborði.



Almennt skal gera ráð fyrir einni tengingu fyrir fráveitu við hverja lóð og skulu skólþ- og ofanvatnskerfi vera aðskilin.

#### 4.7 Dreifistöðvar rafmagns

Heimilt er að staðsetja dreifistöðvar rafmagns innan svæðisins. Samráð skal haft við Rarik um nánari útfærslu dreifistöðva.

#### 4.8 Byggingar og lóðir

Rík áhersla skal vera á gæði, vandaða hönnun, heilstætt yfirbragð og vandað efnisval.

##### 4.8.1 Byggingarefni

Leggja skal áherslu á að vanda til við val á byggingarefnum og horfa til umhverfissjónarmiða. Almennt skal notast við hlýlega og náttúrulega liti og efni. Við val á yfirborðsefnum bygginga skal velja efni sem eru vönduð, endingargóð og hafa fágað og hlýlegt yfirbragð s.s. steyp yfirborð, þússningu, vandaðar málmklæðningar, timbur eða flísaklæðningar.

##### 4.8.2 Frágangur lóða

Lóðarhafi ber sjálfur ábyrgð á að framkvæmdir og frágangur lóðar sinnar sé í samræmi við skilmála deiliskipulags, samþykktar teikningar og hæðartölur skv. mæliblaði. Sýna skal fyrirkomulag lóða á aðaluppdráttum.

Lóðarhafa er skylt að ganga snyrtilega frá lóð sinni með gróðri eða á annan hátt svo það sé umhverfinu öllu til sóma.

##### 4.8.3 Þakform

Þakform er frjálst. Varðandi yfirborðsefni á þökum sjá kafla 4.8.1

##### *Byggingarefni*

Hámarkshæð bygginga er gefin upp í sérskilmálum og er uppgefin hámarkshæð ráðandi fram yfir þakhalla.



#### 4.8.4 Lýsing

Auk götu- og veglýsingar skulu stígar, dvalar- og afþreyingarsvæði búnin vandaðri lágstemmdri lýsingu og leitast við að nota lága staura/polla fremur en háa ljósastaura. Samræma skal útlit lampa og staura fyrir svæðið og notast skal við búnað sem lágmarkar glýju, hefur góða litarendurgjöf og hámarks nýtni.



*Dæmi um lágstemmda lýsingu með stígum.*

#### 4.8.5 Sorp

Tryggja skal greiða aðkomu sorpbíla að sorpgeymslum. Tryggja skal öryggi á gönguleiðum, yfirborð skal vera fast og góð lýsing skal vera á leið og við sorpgeymslur. Sorpílátum/tunnum skal komið fyrir í viðeigandi umgjörð s.s. sorpgeymslum, sorpskýli eða sorpgerði og mælst til þess að hönnun þeirra sé hluti af lóðarhönnun. Við hönnun sorpgeymslna, sorpskýla og sorpgerða skal gera ráð fyrir flokkun sorps í samræmi við

sorpflokkunarreglur og samþykktir Dalvíkurbyggðar. Gera skal grein fyrir sorpgeymslum og frágangi þeirra á aðaluppdráttum.



## 5 Sérákvæði:

Samhliða sérákvæðum skal lesa og fylgja eftir almennum skilmálum sem koma fram í kafla 4.

Í sérskilmálum koma fram skilmálar sem eru sértækir fyrir hverja lóð og/eða frávik frá almennum skilmálum. Endanlegur gólfkóti jarðhæða ákvarðast við gerð hæðarblaða og skal taka mið af hæðarkótum gatna.



## 5.1 Baðlón/Fjöruböð

| Notkun                                    | Baðlón               |
|-------------------------------------------|----------------------|
| Heildarstærð lóðar                        | 2.795 m <sup>2</sup> |
| Hámarks byggingarmagn ofanjarðar A+B rými | 900 m <sup>2</sup>   |
| Hámarks byggingarmagn neðanjarðar         | 300 m <sup>2</sup>   |
| Hámarkshæð                                | 8 m                  |

Heimilt er að byggja baðlón með móttöku og veitingasölu.

Hámarkshæð byggingar er 8m yfir uppgefnum gólfkóta á mæli- og hæðarblöðum.

Þakform er frjálst, sjá nánar í kafla 4.8.3 *Þakform*





*Skýringarmynd, sýnir mögulegt útlit og umfang Fjörubaðanna*



## 5.2 Bátahús

| Notkun                                    | Bátahús            |
|-------------------------------------------|--------------------|
| Heildarstærð lóðar                        | 850 m <sup>2</sup> |
| Hámarks byggingarmagn ofanjarðar A+B rými | 200 m <sup>2</sup> |
| Hámarkshæð                                | 6 m                |

Heimilt er að byggja bátahús þar sem gert er ráð fyrir þjónustu er viðkemur sjósporti og öðrum vatnaíþróttum.

Hámarkshæð byggingar er 6m yfir uppgefnum gólfkóta á mæli- og hæðarblöðum.

Þakform er frjálst, sjá nánar í kafla 4.8.3 *Þakform*

Austan við bátahúsið er gert ráð fyrir smábátabryggju. Bryggjan mun nýtast fyrir hafsækna starfsemi og starfsemi tengdri ferðaþjónustu.



### 5.3 Hótel

| Notkun                                    | Hótel                 |
|-------------------------------------------|-----------------------|
| Heildarstærð lóðar                        | 13.670 m <sup>2</sup> |
| Hámarks byggingarmagn ofanjarðar A+B rými | 2.300 m <sup>2</sup>  |
| Hámarks byggingarmagn neðanjarðar         | 550 m <sup>2</sup>    |
| Hámarkshæð                                | 9 m                   |
| Fjöldi bílastæða                          | 90                    |

Heimilt er að reisa tveggja hæða hótélbyggingu með að hámarki 40 herbergjum.

Hámarkshæð byggingar er 9m yfir uppgefnum gólfkóta á mæli- og hæðarblöðum.

Á lóðinni er einnig gert ráð fyrir þjónustuhúsi við bílastæðin. Hámarks hæð þess er 6m yfir uppgefnum gólfkóta á mæli- og hæðarblöðum.

Þakform er frjálst, sjá nánar í kafla 4.8.3 *Þakform*

Á lóðinni skal gert ráð fyrir sameiginlegum bílastæðum fyrir hótél, baðlón og gesti tjaldsvæðis. Að auki er heimilt að reisa þýrlupall á lóð hótelsins.



## 5.4 Frístundahús

| Notkun                                    | Frístundahús          |
|-------------------------------------------|-----------------------|
| Heildarstærð lóðar                        | 65.620 m <sup>2</sup> |
| Hámarks byggingarmagn ofanjarðar A+B rými | 2.100 m <sup>2</sup>  |
| Hámarks stærð húsa                        | 70 m <sup>2</sup>     |
| Hámarkshæð                                | 6 m                   |
| Fjöldi frístundahúsa                      | 30                    |

Uppröðun frístundahúsa á deiliskipulagsupprætti er leiðbeinandi. Huga skal að næði og útsýni við niðurröðun þeirra. Húsin skulu raðast í þyrpingum, 3-4 saman, sambærilegt og uppröðun þeirra á deiliskipulagsupprætti .

Gert er ráð fyrir að hámarki 2 bílastæðum fyrir hvert hús og skulu þau raðast saman við hverja þyrpingu. Bílastæðin skulu aldrei vera fleiri en 5 saman nema að komi til uppbrots, annaðhvort með stíg eða gróðri.

Hámarkshæð bygginga er 6m yfir uppgefnum gólfkóta á mæli- og hæðarblöðum.

Þakform er frjálst, sjá nánar í kafla 4.8.3 *Þakform*





*Skýringarmynd, dæmi um yfirbragð og efnisval frístundahúsa*



## 5.5 Tjaldsvæði

| Notkun                                    | Tjaldsvæði            |
|-------------------------------------------|-----------------------|
| Heildarstærð lóðar                        | 21.691 m <sup>2</sup> |
| Hámarks byggingarmagn ofanjarðar A+B rými | 600 m <sup>2</sup>    |
| Hámarkshæð                                | 6 m                   |

Nýrst á svæðinu er tjaldsvæði. Það er hugsað bæði fyrir tjöld, ferðavagna og húsbíla. Svæðinu er skipt upp í flatir og á þeim verður aðgengi að rafmagni. Ekki eru skilgreind bílastæði við flatirnar.

Gert er ráð fyrir nýrri þjónustubyggingu fyrir tjaldsvæðið. Þakform er frjálst, sjá nánar í kafla 4.8.3 *Þakform*

Tjaldflatir skulu falla vel að landi og umgirtar trjágróðri þannig að farartæki, tjöld og annar viðlegubúnaður verði sem minnst sýnilegur innan heildasvæðisins.



## 6 Mat á umhverfisáhrifum

Gera má ráð fyrir að uppbygging geti haft áhrif á eftirfarandi umhverfisþætti,

- Landslag
- Náttúrufar og dýralíf
- Ásýnd
- Samfélag, loftslag

Svæðið er að mestu leyti óbyggt og á þegar röskuðu landi innan þéttbýlis og að hluta til á framræstum túnum sem ekki hafa verið nytjuð undanfarin ár. Áhrif á landslag er því talin óveruleg. Uppbyggingin mun hafa lítil sem engin áhrif á náttúrufar og dýralíf umfram óbreytt aðalskipulag.

Uppbygging er metin jákvæð með tilliti til samfélagslegar áhrifa vegna uppbyggingar ferðaþjónustu á svæðinu og styrkingu á atvinnutækifærum heimamanna. Fjölgun ferðamanna á landsvísu eykur kolefnislosun en breytt dreifing þeirra um landið má telja hlutlausa í því tilliti.





# SANDVÍK - HAUGANES - DEILISKIPULAG TILLAGA TIL FORKYNNINGAR



SKÝRINGARUPPDRATTUR - MKV 1:1500



TILLAGA AÐ BREYTTU AÐALSKIPULAGI  
DALVIKURBYGGÐAR 2008-2020

Með skýringaruppdráttinum liggja aðaldráttur og grenngir.  
Skiptir - skýringar, skýringar.

Vorðir:  
Sandvík - Hauganes

Vorðir:  
Hátt skýringarupplag

Stærðir:

|          |        |          |        |
|----------|--------|----------|--------|
| Stærðir: | 1:1500 | Stærðir: | 1:1500 |
| Stærðir: | 1:1500 | Stærðir: | 1:1500 |
| Stærðir: | 1:1500 | Stærðir: | 1:1500 |

Stærðir:

|          |        |          |        |
|----------|--------|----------|--------|
| Stærðir: | 1:1500 | Stærðir: | 1:1500 |
| Stærðir: | 1:1500 | Stærðir: | 1:1500 |
| Stærðir: | 1:1500 | Stærðir: | 1:1500 |



© 2020 Nordic Office of Architecture. All rights reserved.